



Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Reglur um launað námsleyfi starfsfólks leikskóla Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Í þeim tilgangi að skapa háskólamenntuðu starfsfólki leikskóla Skeiða- og Gnúpverjahrepps möguleika á að afla sér viðbótarþekkingar í leikskólakennarafræðum eða fræðum sem nýtast á sérsviði þeirra í starfi leikskólanna og með vísan í heimildarákvæði þess efnis í kjarasamningi félags leikskólakennara samþykkir sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps eftirfarandi reglur um launað námsleyfi.

1. gr.

Launað námsleyfi

Heimilt er að veita leikskólakennara eða háskólamenntuðu starfsfólki í leikskóla launað námsleyfi til þess að stunda viðurkennt framhaldsnám í leikskólakennarafræðum eða sækja endurmenntunarnámskeið í sérgrein sinni sem nýtist í starfi leikskólans.

Hámarkslengd leyfis ákvarðast af rétti starfsfólks til starfsreynslu. Heimilt er að veita leyfi í allt að þrjú mánuði eftir hver 5 starfsár í leikskóla, allt að sex mánuði eftir hver 10 starfsár og allt að níu mánuði eftir hver 12 starfsár.

Starfsfólk getur sótt um leyfi til skemmri tíma en áunnin réttur segir til um og heimilt er að skipta leyfinu á tvö ár.

Ávinnsla réttinda vegna námsleyfis á sér stað í lögbundnu fæðingarorlofi í réttu hlutfalli við starfshlutfall.

2. gr.

Skilyrði

Starfsfólk sem þiggur laun skv. kjarasamningi félags leikskólakennara skal eiga kost á að sækja um launað námsleyfi að uppfylltum ákveðnum skilyrðum:

- a. Starfsfólk þarf að hafa starfað samfelld hjá sveitarfélaginu Skeiða- og Gnúpverjahreppi í að lámarki helming þess starfstíma sem veitir heimild til launaðs námsleyfis. Dæmi: Sé starfsfólk með samanlagða metna 5 ára starfsreynslu sem veitir heimild til launaðs námsleyfis í þrjú mánuði, skal starfsfólk hafa samfelld metna starfsreynslu í starfi hjá sveitarfélaginu í að lámarki 2,5 ár. Heimilt er þó að veita starfsfólki launað námsleyfi sem uppfyllir skilyrði um starfsreynslu en starfað hefur skemur hjá sveitarfélaginu og er viðkomandi þá skuldbundin til að starfa í leikskóla Skeiða- og Gnúpverjahrepps eftir að námsleyfi lýkur í helmingi lengri tíma en launað námsleyfi er veitt, sbr. 7. gr. þessara reglna.
- b. Starfsfólk skal vera innritað í M.Ed eða MT í leikskólakennarafræðum eða öðru sambærilegu framhaldsnámi sem nýtist á sérsviði þeirra í starfi leikskólans. Staðfesting á innritun í nám dugar þá til sönnunar á fyrirhuguðu eða stunduðu námi.
- c. Starfsfólk skal ekki hafa fengið samþykkt launað námsleyfi hjá sveitarfélaginu sl. 5 ár.

3. gr.

Umsókn um launað námsleyfi

Umsóknir um námsleyfi skulu senda til leikskólastjóra og sveitarstjóra fyrir 15. apríl ár hvert og stefnt skal að því að skólanefnd hafi tekið umsókn til umfjöllunar og að sveitarstjórn hafi tekið umsókn til afgreiðslu fyrir 1. júní ár hvert.



Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Í umsókninni skulu koma fram nákvæmar upplýsingar um fyrirhugað nám, námstíma, starfsferil umsækjanda, ásamt umsögn leikskólastjóra viðkomandi starfsfólks.

4. gr.

Mat umsókna um launað námsleyfi

Á hverri önn geta að hámarki tveir umsækjendur fengið launað námsleyfi að háðum skilyrðum.

Við mat á umsóknum skulu eftirfarandi atriði höfð til hliðsjónar:

- Mikilvægi námsins fyrir starf leikskóla sveitarfélagsins.
- Starfsaldur umsækjanda.
- Aðgengi starfsfólks að launuðu námsleyfi eða styrk til náms annars staðar, svo sem hjá stéttarfélagi.
- Fyrri umsóknir viðkomandi starfsfólks um námsleyfi.

5. gr.

Greiðslur

Starfsfólk sem fær samþykktu umsókn um launað námsleyfi fær greidd föst mánaðarlaun í þeim launaflokki er það tekur laun eftir þegar umsókn berst. Annar kostnaður, s.s. námskeiðsgjöld, ferða- og annar námskostnaður er ekki greiddur.

Laun í námsleyfi miðast við föst laun og meðaltal starfshlutfalls þann tíma er rétturinn til launaðs námsleyfis ávannst, hafi umsækjandi ekki verið í fullu starfi allan tímann. Ekki er gert ráð fyrir að starfsfólk vinni yfirvinnu á sama tíma og það nýtur launaðs námsleyfis hjá Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Ávinnsla starfsaldurs í námsleyfi er jöfn lengd launaðs námsleyfis.

6. gr.

Áframhaldandi starfssamband

Samþykkt umsóknar um launað námsleyfi miðast við að viðkomandi starfsfólk komi aftur til starfa hjá sveitarfélaginu Skeiða- og Gnúpverjahreppi að námi loknu. Skal í þeim efnum miðað við að umsækjandi skuldbindi sig til að starfa í leikskóla sveitarfélagsins að loknu námsleyfi í jafn langan tíma og launað námsleyfi er veitt.

Hafi starfsfólk, sem fengið hefur samþykktu umsókn um launað námsleyfi, starfað skemur hjá sveitarfélaginu en helming þess starfstíma sem veitir heimild til launaðs námsleyfis, sbr. a. lið 2. gr. reglna þessara, skuldbindur viðkomandi sig til þess að starfa í leikskóla sveitarfélagsins að loknu námsleyfi í helmingi lengri tíma og launað námsleyfi er veitt.

Hætti starfsfólk hjá sveitarfélaginu innan áðurnefnds tíma eða hætti það námi á tíma námsleyfis hefur sveitarfélagið heimild til þess að krefja viðkomandi um endurgreiðslu á veittu námsleyfi.

7. gr.

Tilhögun námsleyfis

Leikskólastjóri skal í samráði við sveitarstjóra ganga skriflega frá samningi um launað námsleyfi. Í samningnum skal m.a. koma fram hvenær leyfi hefst, við hvaða starfshlutfall föst laun miðast sbr. 5. gr. reglna þessara auk ákvæðis um endurgreiðslu launa í námsleyfinu uppfylli starfsmaður ekki skilyrði 6. gr. reglna þessara. Leikskólastjóri skal jafnframt skila inn breytingarblaði til launafulltrúa með sömu upplýsingum.

8. gr.



Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Skil á gögnum

Starfsfólk með samþykki fyrir launuðu námsleyfi skal skila inn staðfestingu á skólavist til leikskólastjóra, sem kemur þeim áfram til launafulltrúa, um leið og hún berst og eigi síðar en mánuði áður en taka námsleyfis hefst.

Á meðan á námi stendur skal starfsfólk í launuðu námsleyfi skila inn upplýsingum um námsframvindu hvernar annar. Gögn skulu berast til leikskólastjóra eigi síðar en mánuði eftir að önn lýkur. Leikskólastjóra ber að skila afriti af umræddum gögnum til launafulltrúa.

9. gr.

Fjárveitingar

Fjárhagsáætlun hvers árs markar fjárheimild til námsleyfis. Við veitingu námsleyfis er veitt með viðauka fjármagni til hlutaðeigandi stofnunar vegna kostnaðar.

Ef óhjákvæmilegt reynist að ráða starfsfólk í stað þess sem veitt er launað námsleyfi, skal skriflega frá því gengið við ráðningu að um sé að ræða afleysingu til ákveðins tíma, tímabundin ráðning, og sé slitið án uppsagnar að ráðningartíma loknum.

10. gr.

Réttur til að sækja um námsleyfi

Veitt námsleyfi skv. reglum þessum hefur ekki áhrif á rétt starfsfólks til að sækja um námsstyrk samkvæmt reglum um námsstyrk til stofnana.

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps xx.xx.2024

F.h. Skeiða- og Gnúpverjahrepps,

Sylvía Karen Heimisdóttir, sveitarstjóri